

FUNDARGERÐ

131. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 18. apríl 2006 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. Önnur mál.

- a) Kristín minnir á að prófavika er í næstu viku skv. skóladagatali en stigspróf verða væntanlega aðra viku í maí. Líklegt er að færa þurfi vortónleika sem áttu að vera 18. maí þar sem undankeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva verður það kvöld.
- b) Sveinn minnir á að skv. fjárhagsáætlun skólans er gert ráð fyrir 1,5 stöðugildi við skólann frá og með næsta skólaári.

Kristín yfirgefur fundinn

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

1. Bréf stjórnar 8. svæðadeildar Félags leikskólakennara dags. 20. mars 2006.

Með bréfinu er minnt á haustþing Félags leikskólakennara föstudaginn 22. september nk. Stjórn félagsins hvetur sveitarstjórnir til að loka leikskólum sínum þann dag. Skólanefnd tekur jákvætt í erindið.

2. Önnur mál.

- a) Sjö börn verða formlega útskrifuð af leikskólanum í næstu viku.
- b) Ekki verða hátíðarhöld á vegum foreldrafélagsins á sumardaginn fyrsta þetta árið.
- c) Skólanámskrá leikskólans verður endurskoðuð í haust.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara. Fulltrúi foreldra mætti ekki.

1. Starfsmannamál.

Kolbrún upplýsir að Guðrún Pétursdóttir sem var í leyfi komi ekki aftur til starfa og að Ragnhildur Thorlacius og Sigrún Jónsdóttir hætti störfum. Búið er að auglýsa lausar stöður og stöðu aðstoðarskólastjóra. Umsóknarfrestur er til 5. maí.

2. Önnur mál.

- a) Kolbrún leggur fram skóladagatal fyrir skólaárið 2006-2007. Verður tekið til afgreiðslu á næsta fundi að fenginni umsögn foreldraráðs.
- b) Barnaskóli í Vík var formlega stofnaður 9. október 1906. Skólahald í Vík á því 100 ára afmæli á árinu og gert er ráð fyrir að halda upp á afmælið í haust.
- c) Íslensku menntaverðlaunin, bréf lagt fram til kynningar.
- d) Kolbrún greinir frá helstu fréttum úr skólastarfinu t.d vel heppnaðri árhátíð skólans og íþróttadegi.

Kolbrún og Gunnar yfirgefa fundinn.

Skólanefnd leggur til að skrifstofa Mýrdalshrepps hafi umsjón með öllum atvinnuauglýsingum á

vegum sveitarfélagsins og að auglýst verði sameiginlega fyrir stofnanir sveitarfélagsins eftir því sem eðlilegt má teljast. Fyrir liggur að starfshlutföll í tónskóla verða 1,5 frá og með næsta skólaári og að skólastjóri grunnskólans hefur auglýst eftir tónmenntakennara. Skólanefnd telur eðlilegt að skoðað verði hvort hægt sé að auglýsa tvær stöður til að leysa þessa starfsmannabörf skólanna.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 19:00.

_____ Sigrún Guðmundsdóttir	_____ Þorgerður Einarsdóttir Formaður	_____ Bergþóra Ástþórsdóttir
_____ Ragnheiður Högnadóttir	_____	_____ Andrína Erlingsdóttir